

Fundargerð aðalfundar VR 28. mars 2022

Staðfundur á Hilton Nordica Reykjavík hóteli og fjarfundur

Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, setti fund kl. 19:40 og bauð fundarfólk velkomið.

1. Kosinn fundarstjóri.

Ragnar Þór stakk upp á Guðmundi B. Ólafssyni, lögmanni VR, sem fundarstjóra. Ekki komu aðrar uppástungur og var Guðmundur kosinn fundarstjóri og tók við stjórn fundarins.

2. Kosinn ritari.

Fundarstjóri stakk upp á Steinunni Böðvarsdóttur sem starfar í hagdeild VR sem ritara fundarins. Ekki komu aðrar uppástungur og var Steinunn kosin fundarritari.

Fundarstjóri úrskurðaði því næst um lögmæti fundarins. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu þann 18. mars en einnig var hann auglýstur á vef VR og samfélagsmiðlum.

Reikningar, endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðendum, og ein breytingartillaga stjórnar á Reglugerð Sjúkrajóðs VR lágu frammi á skrifstofum félagsins og á vef.

Til fundarins hafi því verið boðað með lögmætum hætti sbr. 23 gr. laga VR.

Fundarstjóri benti á að fundurinn væri bæði haldinn á staðnum og með rafrænum hætti. Á borðum í fundarsal og í spjalli í fjarfundi væri að finna kóða / slóð á vefsíðu þar sem birt eru fundargögn og ársskýrsla og þaðan sem aðgangur er að kosningakerfi. Til að taka þátt í kosningum þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum. Fundarstjóri kynnti Sigurð Másson frá Advania sem hafði umsjón með kosningum. Aðalfundurinn var pappírlaus að mestu leyti.

Engar athugasemdir komu fram um framkvæmd fundarins.

Fram fór prufukosning í kosningakerfinu sem gekk snuðrulaust fyrir sig.

3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR flutti skýrslu stjórnar.

Ragnar sagði að ársins 2022 yrði minnst fyrir átok á ólíkum vettvangi. Covid herjaði enn á þjóðir heims og stríðaátök væru í Evrópu vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Hann skýrði frá því stjórn hafi samþykkt að styrkja flóttafólk frá Úkraínu um eina evru pr. félagsmann eða sem svarar til um 5,6 m.kr. auk þess að leggja til fjögur orlofshús í reigu félagsins fyrir flóttafólk. Hann bætti við að stjórnin ætli að leggja sitt af mörkum til að taka vel á móti öllu flóttafólki.

Ragnar fór því næst yfir kjaramálin. Lífskjarasamningurinn kom til endurskoðunar á árinu 2021 en þá þegar hafi verið ljóst að stjórnvöld myndu ekki efna mörg þeirra atriða sem þau hafi lofað í tengslum við samninginn. Verkalýðshreyfingin og atvinnulífið allt hafi hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að mikilvægt væri að samningurinn héldi.

Ragnar sagði undirbúning fyrir kröfugerð næstu kjarasamningaviðræðna hafinn, könnun var send til félagsfólks nýlega í þeim tilgangi að dýpka vinnuna við undirbúninginn og sækja sterkara umboð til félagsmanna. Um 3.400 svöruðu könnun fyrir Lífskjarasaminginn árið 2018 en í ár var meira lagt í og tóku um fimm þúsund félagsmenn þátt. Ragnar sagði að aldrei áður hafi fleiri komið að þessum undirbúnungi í sögu félagsins. Um 20% þátttakenda sögðu sína skoðun í skriflegum svörun. Niðurstöðurnar verða kynntar baklandi félagsins fljótega á vinnufundi.

Ragnar sagði ljóst að kjaraviðræðurnar verði mjög erfiðar en jafnframt að tækifærin væru mörg. Þar nefndi hann sérstaklega kerfisbreytingar í húsnæðismálum en þjóðarátak þyrfti til í þeim málaflokki. Annar mikilvægur þáttur væri vaxtamálin, stór hópur félagsfólks hafi tekið út sína mestu kjarabót með lægri vöxtum og mun félagið halda áfram á þeirri braut. Hvað réttindamál varðar mætti nefna lengra orlof, aukinn veikindarétt til dæmis vegna barna og atvinnulýðræði. Samingarnir verða áskorun, sagði formaðurinn, sum fyrirtæki standa vel en sum illa. Hópurinn sem VR semur fyrir er ólíkur, innan félagsins væri allt menntastigið og breitt tekjubil. Vel hafi tekist til í síðustu kjarasamningum. Erfitt verði að takast á við stjórnvöld þar sem þau hafi ekki staðið við sinn hluta. Þau munu ekki geta lagt fram sama loforðapakka og í síðustu kjarasamningaviðræðum, sagði Ragnar.

Formaðurinn sagðist hins vegar bjartsýnn, kraftur væri í félaginu og starfsárið sem er að líða líklega eitt það besta frá því hann kom inn í stjórnina. Starfsárið hafi einkennst af samheldni hjá stjórn og starfsfólk, ekki síst í nefndarstarfi og tók Ragnar dæmi um jafnréttisnefndina og jafnréttisátakið þriðja vaktin sem vakti gríðarlega athygli, mun meiri en hann hafi getað gert sér í hugarlund.

Ragnar sagði félagið hafa gert sig gildandi í húsnæðismálum, loksins hafi tekist að koma saman samþykktum fyrir Blæ húsnæðisfélag sem stofnað hafi verið af verkalýðshreyfinginnu við hlið Bjargs húsnæðisfélags en það síðarnefnda hafi þegar byggt um 700 íbúðir, innan kostnaðar- og tímaáætlunar. Nú styttist í fyrstu skóflustungu á vegum Blævar, í Úlfarsárdalnum. Þessi verkefni eru til marks um nýja hugsun á húsnæðismarkaði til framtíðar, sagði Ragnar. Lífeyrissjóðir geta vel komið inn í Blæ sem langtímafjárfestar.

Formaðurinn vék svo að þjónustu og stöðu félagsins. Hann benti á að Covid hafi gert það að verkum að við höfum þurft að breyta okkar þjónustu mikið til í rafræn samskipti. Hann þakkaði starfsfólk félagsins fyrir frábæra viðleitni og hugvit til að bregðast við gjörbreyttum aðstæðum, hann væri stoltur af starfsfólkini fyrir þeirra vinnu, jákvæðni og kraft.

Hvað starfsmenntamálin varðar sagði Ragnar að VR vildi vera beinn þáttakandai í þeim breytingum sem nú eru að eiga sér stað og benti á þátttöku VR í nýju verkefni, Stafræna hæfniklasanum.

Hvað sjóði félagsins varðar er áframhaldandi fækkun félagsfólks sem sækir um sjúkradagpeninga sem vissulega sé ánægjulegt en engu að síður er ástæða til að hafa áhyggjur af stöðunni. Í byrjun þessa árs mátti sjá lítilsháttar aukningu aftur en sveiflur eru hins vegar miklar og óútskýrðar. Í orlofsmálum sáum við fjölgun húsa á Akureyri og Hválfirði, sagði Ragnar. Mikill metnaður er hjá Orloffssjóði, Covid hefur leitt til aukinnar ásóknar í orlofshúsin og er stefnt að því að bæta enn í orlofsþjónustuna og fjölda húsum.

Sjóðir félagsins standa vel og afkoman er góð, sagði formaðurinn. Stjórn tók þá ákvörðun í lok síðasta árs að breyta fjárfestingastefnu félagsins og minnka vægi erlendra hlutabréfa mikið. Ljóst er að sú ákvörðun var hárrétt, sagði Ragnar, hlutabréf höfðu hækkað fram að því nánast fordæmalaust en breytingar hafa orðið á markaði á þessu ári. Við höfum getað haldið okkar sjóðum í jafnvægi á meðan aðrir hafa þurft að taka á sig skell.

Þá vék Ragnar að átökum innan verkalýðshreyfingarinnar sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmíðum. Hann benti á að það væri ekkert nýtt að tekist væri á og vísaði í átökin innan VR árið 2009 sem voru bæði innan og utan félagsins. Ragnar sagði ekki gott að vera í átakafarvegi en að hann hafi ekki boðið sig fram í það verkefni að leiða VR til þess eins að sitja í meðvirkni. Okkur greinir á um leiðir að sama markmiði sagði hann en kvaðst ekki þekkja neinn sem ekki væri í baráttunni fyrir kjarabótum af heilum hug, þrátt fyrir innbyrðis átök.

Eitthvað þarf hins vegar að breytast, sagði Ragnar. Það verður mögulega tekist á á næsta ASÍ þingi. VR hefur lengi rætt það hvort félagið eigi heima innan Alþýðusambandsins sagði

Ragnar, en ætíð komist að þeirri niðurstöðu að reyna að finna leiðir til að sætta sjónarmið. Við höfum fram á haust til að ræða okkur niður á það hvernig við getum séð ASÍ virka sem best fyrir alla hreyfinguna.

Þetta eru stóru áskoranirnar, sagði formaður VR, en kvaðst sannfærður um að félaginu muni takasta að ná góðum samningum og ná fram nauðsynlegum og langþráðum kerfisbreyingum.

Hann þakkaði að lokum gott samstarf við stjórn, trúnaðarráð, félagsfólk og starfsfólk og sagðist hlakka til að takast á við krefjandi verkefni haustsins.

Eftir að formaðurinn hafði lokið máli sínu lagði fundarstjóri til að umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins yrðu tekna saman að lokinni yfirferð yfir reikninga félagsins.

Engar athugasemdir komu fram.

4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR fór yfir reikninga félagsins og studdist við glærur. Ársreikningurinn er birtur á vef félagsins og í ársskýrslu sem einnig er birt á vefnum en skýrslan er eingöngu gefin út á rafrænu formi.

Stefán fór fyrst yfir lykiltölur í starfsemi félagsins. Félagsfólk var að jafnaði 36.871 á árinu 2021 sem er 1% aukning frá fyrra ári. VR er um 18% af vinnumarkaði og hefur það hlutfall ekki breyst þrátt fyrir breytingar í fjölda í félaginu sem rekja má til Covid faraldursins.

Meðalfjöldi atvinnuleitenda á árinu 2021 var 2.222 en þeim fækkaði mjög þegar líða tók á árið og voru rúmlega 1.400 í árslok. Afgreiðslum milli ára fækkaði sem og símtolum og heimsóknum á vefinn. Tölvupóstum fjölgæði lítillega og einnig heimsóknum á Mínar síður. Fækkun var á fjölda mála hjá sérfræðingum kjaramálasviðs á milli ára en þeim fjölgæði á síðustu mánuðum ársins og í upphafi árs 2022.

Aukning varð á styrkjum úr VR varasjóði svo nemur 8,4% og gisnáttum í orlofshúsum fjölgæði einnig og voru rúmlega 20 þúsund á árinu 2021. Það má rekja bæði til fjölgunar húsa og betri nýtingar en nýting orlofshúsa batnaði mikið á tínum Covid. Fækkun varð á fjölda nýrra skjólstæðinga VIRK endurhæfingarsjóðs.

Rekstrartekjur ársins 2021 námu alls um 4,6 ma.kr. og gjöld voru 4,3 ma.kr. Afkoma ársins hækkar um 324 m.kr. á milli ára eða um 308 m.kr. fyrir fjármagnsliði. Iðgjöld og skattar hækkuðu um 2,4% milli ára, þar er fyrst og fremst um að ræða skatt til ASÍ og mótfamlag í starfsmenntasjóði. Útgreiðsla VR varasjóðs jókst um 20,5%, þegar Covid fór að fjara út jókst ásókn á ný í líkamsræktarstyrki en forvarnir eru stærsti einstaki liður styrkja úr sjóðnum.

Dagpeningar og styrkir úr Sjúkrasjóði VR drögust saman um 216 m.kr. á árinu. Hlutfall dagpeninga af iðgjöldum lækkar milli ára og er nú 70,1%. Þetta skyrist bæði af hækkun tekna og lækkun sjúkradagpeninga. Hlutfallið fór hæst í 91,9%.

Stefán fór því næst yfir ávöxtun verðbréfasafna félagsins en raunávöxtun var 4,6% á árinu 2021 samanborið við 5,72% árið áður. Sl. sjö ár hefur meðalraunávöxtun verið 4,25%. Fjárfestingastefna félagsins er varfærin. Niðurstaða rekstrar án fjármagnsliða er jákvæð eftir að hafa verið neikvæð þrjú ár þar á undan.

Ávöxtun sjóða hefur skilað sér í eignaaukningu uppá rúmlega 1 ma.kr., eignir hafa aukist um 60% á síðustu sjö árum. Eignir nema 16,5 ma.kr., að stærstum hluta í verðbréfum og fasteignum.

Þá las Stefán upp tillögu stjórnar um framlag í VR varasjóð.

Tillagan var svohljóðandi:

„*Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 28. mars 2022, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 805.000.000,- fyrir árið 2021.*

Úr Félagssjóði koma 255 m.kr., úr Sjúkrasjóði VR koma 340 m.kr. og úr Orlofsjóði koma 210 m.kr.

Til viðbótar koma aukakaup vegna iðgjalda félagsmanna sem eru í vanskilum þegar greitt verður inn í VR varasjóð eftir aðalfund VR 2022.“

Opnað var fyrir umræður um reikninga og skýrslu stjórnar sem og framlag í VR varasjóð.

Jóhann M. Sigurbjörnsson ræddi fasteignamarkaðin og sagði að um væri að ræða heimatilbúinn vanda sem ætti að vera hægt að leysa. Hann spurði um afleiðingar þess fyrir félagssjóð þegar tekið er úr sjóðnum til að greiða inn á VR varasjóð.

Stefán Sveinbjörnsson svaraði að fært hafi verið fjármagn úr félagssjóði í VR varasjóð undanfarin ár vegna slakrar afkomu Sjúkrasjóðs, slíkt myndi hins vegar ekki ganga til lengdar.

Ragnar Þór Ingólfsson benti á að félagið hafi vilja forðast að skerða réttindi í Sjúkrasjóði á þann hátt sem margir aðrir sjóðir hafa þurft að gera. Vonir standi til að við séum að ná jafnvægi, en hann benti þó á að ekki væri ljóst hvað ylli þeim sveiflum sem sjá megi í Sjúkrasjóðnum. Hvað húsnaðismálin varðar hafi verið lögð vinna í að þrýsta á stjórnvöld og sveitarfélög um langtímaplan. Hann benti á víða í Evrópu væru lífeyrissjóðir fjarfestar á húsnaðismarkaði, hér þyrfti viðhorfsbreytingu til og rétt fjármagn en ekki skammtímabrask.

Örn Pálsson sagði formann VR hafa haft uppi stór orð um lífeyrissjóð og sjóðfélagalýðræði. Hann benti á að árið 2018 hafi samkomulag um skiptingu sæta í stjórn sjóða verið endurnýjað. Hans spurning var hvort það væri ein af kröfum í komandi kjarasamningum að rifta þessu samkomulagi þannig að launafólk fái meiri hluta í stjórn?

Ragnar benti á að í könnun meðal félagsfólks um áherslur í komandi kjarasamningaviðræðum hafi verið spurt um sjóðfélagalýðræðu til að kanna hug félaga til þess að við aukum okkar vægi í stjórn. ASÍ hafi farið með samningsumboð varðandi lífeyrismál hjá stéttarfélögum nema hjá VR sem hefur sérsamning um lífeyrismál við Samtök atvinnulífsins. Hann sagði allt benda til þess að niðurstaðan úr könnuninni verði skýlaus krafa um aukið vægi þarna inni. Þannig að svarið er já, sagði formaðurinn.

Örn svaraði og sagðist fagna þessu en sagði samþykktir sjóða væru niðurnjörvaðar svo nánast væri útilokað að gera breytingar.

Ragnar svarði því til að það hafi ekki verið meðal krafna félagsins í kjarasamningaviðræðum síðustu ára að gera breytingar á þessu og að við ættum eftir að útfæra hvernig krafan verður núna.

Fundarstjóri óskaði nú eftir samþykki fyrir því að bera tillöguna um framlag í VR varasjóð undir atkvæði. Engar athugasemdir bárust og voru greidd atkvæði rafrænt.

Tillagan var samþykkt, já sögðu 89, einn greiddi atkvæði á móti og tveir tóku ekki afstöðu.

Fundarstjóri bar reikningana upp til samþykktar og voru greidd atkvæði rafrænt.

Reikningarnir voru samþykktir, já sögðu 87, einn greiddi atkvæði á móti.

5. Reglugerðarbreytingar.

Tillaga að breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs VR.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, fjallaði um tillöguna. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 28. mars 2022, samþykkir að gr. 12. Slysabætur í reglugerð Sjúkrasjóðs VR falli á brott í heild sinni en að númeraröð annarra greina breytist ekki.“

Ákvæðið sem gerð er tillaga um að felld verði úr reglugerð er svohljóðandi:

„Sjúkrasjóður greiðir slysabætur sem hér segir:

Bætur vegna varanlegrar örorku vegna slyss í frítíma:

Bætur vegna varanlegrar örorku, 10% eða meira, greiðast í hlutfalli við bótafjárhæð sem kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni, þó þannig að hvert örorkustig 26-50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig 51-100% virkar fjórfalt.

Bætur vegna slysa barna félagsmanna, yngri en 18 ára, þ.e. dánarbætur og örorkubætur vegna slyss eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Slysabætur greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Auk þess greiðast ekki slysabætur ef slys eða óvinnufærni má rekja til ásetnings, ölvunar eða stórkostlegs gáleyisis. Gildir það einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin eru vátryggingarskyldu.

Bætur vegna tímabundinnar örorku falla undir sjúkra- og slysadagpeninga, skv. gr. 10.“

Opnað var fyrir umræður um breytinguna.

Stefán Sveinbjörnsson kvaddi sér hljóðs og sagði frá því að Sjúkrasjóður VR væri eini sjúkrasjóður stéttarfélags sem greiði svona bætur. Félagið keypti tryggingar af VÍS um 1994 sem hafi falið slíkar bætur í sér og hafi þær haldist inni síðan. Flestir sem fá bætur eru tryggðir og er þetta því til viðbótar þeim tryggingum. Með því að fella þetta niður aukist svigrúm til að hækka aðrar bætur sjóðsins. Við niðurfellingu yrði miðað við slysadag og því ljóst að greiðslur slysabóta yrðu áfram næstu 2 ár eða svo. Heildarupphæð hafi verið um 40 m.kr. á ári.

Guðrún Helga Bjarnadóttir spurði af hverju verið væri að fella þetta niður ef þessar bætur væru ekki íþyngjandi. Hún spurði einnig um slysabætur vegna barna félagsfólks en um þær er kveðið í ákvæðinu.

Stefán benti á að síðustu 10 árum hafi eitt tilfelli komið upp vegna slysatjóns barna.

Ragnar Þór sagði fjármunina verða færða í að efla aðra styrki og bætur sjóðsins.

Fundarstjóri bar tillöguna upp á fundinum og var kosið um hana rafrænt Tillagan var samþykkt, já sögðu 68, 19 sögðu nei og 6 töku ekki afstöðu.

Reglugerð Sjúkrasjóðs með áorðnum breytingum er sem hér segir:

Reglugerð Sjúkrasjóðs VR

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

- 1.1 Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður VR.
- 1.2 Sjúkrasjóður VR er stofnaður með tilvísun til laga nr. 19, 1. maí 1979.
- 1.3 Sjúkrasjóður VR er eign VR. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Verkefni sjóðsins

- 2.1 Verkefni sjóðsins er að veita félagsmönnum VR fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum.
- 2.2 Verkefni sjóðsins er enn fremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum er snerta starfsöryggi og heilsufar.
- 2.3 Sjóðurinn getur einnig varið fé til aðila sem vinna að bættu heilsufari.
- 2.4 VR er heimilt að taka að sér aðstoð við félagasamtök, sem um það semja, varðandi ofangreint verkefni.
- 2.5 Aðalfundi hverju sinni er heimilt að ákveða að hlutfall af iðgjaldi félagsmanna í Sjúkrasjóð VR renni inn í VR varasjóð og greiðist út samkvæmt reglugerð um VR varasjóð.

3.gr.

- 3.1 Heimilt er að stofna til samstarfs við önnur félög um rekstur sjúkrasjóða.

4. gr. Tekjur

- 4.1 Tekjur sjóðsins eru samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins skv. kjarasamningum VR á hverjum tíma sbr. 7. gr. laga nr. 19, 1. maí 1979.
- 4.2 Vaxtatekjur og annar arður.
- 4.3 Gjafir, framlög og styrkir.

- 4.4. Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

5. gr. Stjórn og rekstur

- 5.1 Stjórn VR er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.
- 5.2 Stjórn VR er heimilt að fela fimm mönnum framkvæmdastjórn sem fer með stjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kýs sér formann.
- 5.3 Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við almennar stjórnsýslureglur.
- 5.4 Fjárreiður og umsjón með sjóðnum annast skrifstofa VR.
- 5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir allan kostnað, sem af rekstri hans leiðir.
- 5.6 Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um rétt félagsmanns til greiðslu úr sjóðnum.
- 5.7 Stjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur bóta og aðra starfstilhögur.

6. gr. Reikningar og endurskoðun

- 6.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af löggiltum endurskoðanda og félagslegum skoðunarmönnum félagsins fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu.
- Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

- 6.2 Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunararfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.

- 6.3 Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokkks.

7. gr. Úttekt óháðra eftirlitsaðila

- 7.1 Annað hvert ár skal framkvæmdastjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

7.2 Stjórn sjóðsins skal ávallt gæta þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

8. gr. Ávöxtun sjóðsins

8.1. Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) í bönkum eða sparisjóðum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðsins,
- e) á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan.

9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

9.1 Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.4, 9.6, 9.7 og 9.8.

9.2 Þeir sem greitt hafa iðgjald til Sjúkrasjóðs VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysadagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.fr., þarf að hafa greitt iðgjald til Sjúkrasjóðs VR samfellt í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar. Heimilt er að dagpeningagreiðslur, styrkir og dánarbætur séu greidd m.v. starfshlutfall.

9.3 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félagini.

9.4

a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim atvinnuleitendum sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir skráningu á atvinnuleysisskrá.

b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum.

9.5 Ef breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá sjálfstætt starfandi eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrirtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveð annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Sama gildir um iðgaldagreiðslur aftur í tímann og ef aðilar með stöðu sjálfstætt starfandi hafa nýlega gengið í félagið.

9.6 Heimilt er að veita rétt til dánarbóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.

9.7 Framkvæmdastjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvara- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

9.8 Styrkir og fjárframlög til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. 2. gr.

9.9 Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokka vegna fæðingarorlofs, slysatrygginga og annarra heilsufarstrygginga.

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

Sjúkrasjóðurinn skal að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur félru niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur

fyrir sama slysa- og/eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Í upphafi félagsaðildar skal ekki greiða sjúkra- og slysadagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félagsmann í sjúkrasjóðinn og er þá miðað við þann dag sem greiðslan hefst. Undanþeginir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.3.

Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, yngri en 18 ára, og vegna langvarandi veikinda maka. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.

Eigi félagsmaður rétt til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra- eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem upp á vantar í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.

Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

Sá sem hefur fullnýtt rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

12. gr. [Feldi út á aðalfundi VR 2022]

13. gr. Lausn frá greiðsluskyldu

Ef farsóttir, náttúruhamfarir eða önnur stór áföll geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur stjórn sjóðsins ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð bóta, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin. Sé nauðsynlegt að skerða bætur vegna fjárhags sjóðsins skulu sjúkra- og slysadagpeningar skerðast minnst og njóta forgangs umfram aðra bótaflokkja eða útgreiðslur.

14. gr. Fyrning bótaréttar

Réttur til bóta eða styrkja úr sjóðnum fyrnist sem hér segir:

Dagpeningar, slysa- og dánarbætur fyrnast á 24 mánuðum frá því að réttur til bóta myndast. Aðrar greiðslur og styrkir fyrnast á 12 mánuðum frá því að réttur til greiðslu skapaðist.

15. gr. Endurgreiðsla iðgjalta

Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

16. gr. Upplýsingaskylda

16.1 Stjórn sjóðsins ber að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra samkvæmt reglugerð sjóðsins með kynningu á vefsíðu félagsins.

16.2 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ árlega; ársreikning sjóðsins auk mats á framtíðarstöðu á 5 ára fresti.

16.3 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ allar breytingar sem gerðar kunna að vera á þessari reglugerð.

17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

Sá sem reynir að afla bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

18. gr. Úrskurðarnefnd VR

Heimilt er að kæra ágreining sem rís um túlkun reglna, grundvöll, skilyrði og fjárhæð dagpeninga, styrkja og annarra greiðslna úr sjóðnum til úrskurðarnefndar VR sem skipuð er af stjórn félagsins. Hlutverk úrskurðarnefndar VR er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga og reglna VR.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að viðkomandi félagsmanni eða aðila er tilkynnt um ákvörðun Sjúkrasjóðs VR og nánar eftir gildandi reglum um úrskurðarnefnd VR hverju sinni.

19. gr. Breytingar á reglugerðinni

Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi VR.

(Samþykkt af stjórn VR 14. ágúst 1979, á aðalfundi VR 23. mars 1980 með áorðnum breytingum 25. mars 1985, 16. mars 1998, 8. mars 1999, 26. mars 2001, 14. mars 2005, 24. apríl 2006, 26. mars 2007, 2. apríl 2009, 11. janúar 2011, 10. apríl 2012, 25. mars 2015, 27. mars 2019, 9. júní 2020, 24. mars 2021 og 28. mars 2022).

Fundarstjóri bar upp til samþykktar Reglugerð Sjúkrasjóðs í heild sinni með áorðnum breytingum. Reglugerðin var samþykkt með handauppréttingu, tveir greiddu atkvæði á móti í fundarsal.

6. Lýst kjöri formanns, stjórnar og trúnaðarráðs.

Fundarstjóri fór því næst yfir framboð til stjórnar og trúnaðarráðs.

Þann 28. janúar 2022 auglýsti VR eftir einstaklingsframboðum í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi, mánudaginn 7. febrúar 2022. Fimm framboð til stjórnar bárust og hefur kjörstjórn lýst þau sjálfkjörin.

Allsherjarkosningum var í kjölfarið aflýst þar sem ekki bauð sig fram tilskilinn fjöldi til setu í stjórn og varastjórn.

Kjörstjórn vísaði til stjórnar VR að gera tillögu um stjórnarmenn í samræmi við þriðju málsgrein 20.1 gr. laga VR um kosningu formanns og stjórnar og bera tillöguna svo upp í trúnaðarráði til samþykktar. Á fundi stjórnar þann 9. febrúar 2022 var gerð tillaga um two einstaklinga í aðalstjórn og þrjá í varastjórn og var hún samþykkt. Trúnaðarráð fundaði þann 17. febrúar þar sem tillaga stjórnar var lögð fyrir og samþykkt.

Sjö stjórnarmenn til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.

Selma Björk Grétarsdóttir – sjálfkjörin
Jónas Yngvi Ásgírmsson – sjálfkjörinn
Fríða Thoroddson – sjálfkjörin
Bjarni Þór Sigurðsson – sjálfkjörinn
Þorvarður Bergmann Kjartansson – sjálfkjörinn
Sigrún Guðmundsdóttir – kjörin af trúnaðarráði
Sigríður Lovísa Jónsdóttir – kjörin af trúnaðarráði

Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs

Arnbóð Sigurðsson – kjörinn af trúnaðarráði
Sigríður Hallgrímsdóttir – kjörin af trúnaðarráði
Friðrik Boði Ólafsson – kjörinn af trúnaðarráði

Fundarstjóri las upp ofangreind og lýsti því yfir að þau teldust réttkjörin til trúnaðarstarfa fyrir VR samkvæmt lögum félagsins.

Ekkert mótframboð barst í listakosningu til trúnaðarráðs og var því listi stjórnar- og trúnaðarráðs sjálfkjörinn. Fundarstjóri óskaði eftir því að lesa ekki nöfn 41 fulltrúa í trúnaðarráð heldur láta duga að sýna nöfnin á glæru. Engin athugasemd var gerð við það fyrirkomulag.

41 til trúnaðarráðs í listakosningu til tveggja ára:

Anna Bryndís Hendriksdóttir
Arnar Pálmi Guðmundsson
Auður Jacobsen
Ágústa Harðardóttir
Árni Konráð Árnason
Áskell Viðar Bjarnason
Benedikt Ragnarsson
Birna Aronsdóttir
Björg Jóna Sveinsdóttir
Björgvin Björgvinsson
Darri Ásbjörnsson
Edda Svandís Einarssdóttir
Guðmundur Bergmann Pálsson
Guðrún Þórssdóttir
Gunnar Steinn Þórsson
Hafdís Erla Kristinsdóttir
Helga Bryndís Jónsdóttir
Hildisif Björgvinsdóttir
Ingibjörg Baldursdóttir
Ingibjörg H. Hjartardóttir
Jac Norðquist
Jóhann Bjarni Knútsson
Jón Hjörtur Hjartarson

Jón Ingí Kristjánsson
Jón Ólafur Valdimarsson
Jónína Vilborg Sigmundsdóttir
Kristján Gíslí Stefánsson
Magnús Þorsteinsson
Pálína Vagnsdóttir
Pálmey Helga Gísladóttir
Sigrún Lóá Sigurgeirs dóttir
Stefán Sveinbjörnsson
Steinunn Böðvars dóttir
Sæmundur Karl Jóhannesson
Tómas Elí Guðmundsson
Tryggvi Marinósson
Unnur Elva Arnardóttir
Þorsteinn Þórólfsson
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórður Mar Sigurðsson
Þórunn Davíðsdóttir

7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tillögur:

a. Tillaga stjórnar er að KPMG sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2022 og er tillagan svo hljóðandi:

“Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 28. mars 2022, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan KPMG hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2022.”

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri bar undir fundinn hvort gerð væri athugasemd við að tillögur yrðu bornar upp til samþykktar í handauppréttingu í stað þess að hafa kosningu rafrænt. Engin athugasemd barst.

Tillagan var lögð fram til samþykktar og var samþykkt samhljóða í handauppréttingu.

b. Tillaga stjórnar er um Pálínu Vagnsdóttur og Svein Enok Jóhannsson sem skoðunarmenn VR og Þóru Öfjörð Skúladóttur til vara, sbr. 27. gr. laga VR.

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 28. mars 2022, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR, verði Pálína Vagnsdóttir og Sveinn Enok Jóhannsson. Til vara verði Þóra Öfjörð Skúladóttir.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna. Óskað var eftir því að skoðunarmenn kynntu sig á fundinum. Pálína kynnti sig á staðfundi og Sveinn á fjarfundi.

Fundarstjóri bar tillöguna síðan upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða í handauppréttingu.

8. Ákvörðun um laun skoðunarmanna

Tekin fyrir tillaga stjórnar um að greiða hverjum skoðunarmanni kr. 57.789 á ári. Tillagan er svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 28. mars 2022, samþykkir að greiða hverjum skoðunarmanni VR 54.789 kr. á ári.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna síðan upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða í handauppréttingu.

9. Ákvörðun félagsgjalds. (sbr. 9.gr. laga VR)

Fundarstjóri kynnti tillögu um óbreytt félagsgjald og er hún svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 28. mars 2022, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% renna í Félagssjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilusjóð VR.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um tillöguna. Enginn tók til máls. Tillagan var borin upp til samþykktar og var samþykkt samhljóða í handauppréttingu.

10. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.

Fundarstjóri kynnti tillöguna. Tillagan er svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 28. mars 2022, samþykkir að stjórnarlaun hækki úr 53.484 kr. á mánuði í 54.789 kr. á mánuði. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnamenn 5.494 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls og var tillagan borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhljóða í handauppréttingu.

11. Önnur mál.

Engin önnur mál frá stjórn félagsins lágu fyrir fundinum.

Benedikt Ragnarsson tók til máls og hvatti félagið til að fjalla um og skoða stöðu eldra fólks, bæði hvað varðar stöðuna á húsnæðismarkaði og styttingu vinnuvikunnar sem hann taldi hafa snúist upp í andhverfu sína. Hann fjallaði einnig um jafnlaunavottun sem einnig hafi snúist upp í andhverfu sína. Félagið verði að halda utan um þessi mál af festu.

12. Frágangur fundargerðar.

Fundarstjóri óskar eftir samþykki fundarins fyrir því að hann gangi frá fundargerð ásamt fundarritara.

Samþykkt.

13. Fundarslit – lokaorð formanns.


Fundarstjóri gaf því næst formanni félagsins orðið til að slíta fundi.

Ragnar þakkaði fyrir góðan fund.

Hann þakkaði Árna Leóssyni, starfsmanni VR, góð störf í um 30 ár en Árni lýkur störfum fyrir félagið snemma vors 2023 og þetta því hans síðasti aðalfundur. Formaðurinn sagði gjöf sína til Árna þá að hann myndi halda þeirri skoðun á lofti allt starfsárið sem nú væri að byrja að hann vildi að Ísland gengi í ESB.

Að lokum þakka formaðurinn fyrir sérstaklega gott og gefandi starfsár og sleit fundi kl. 21:45.

Fundargestum fækkaði þegar leið á fundinn og í lok fundar voru mætt á staðfund 71 og 27 í fjarfund.



Guðmundur B. Ólafsson fundarstjóri



Steinunn Böðvarsdóttir fundarritari